

Auðlinda- og umhverfisstefna.

Orkuveita Húsavíkur skal leitast við að tryggja sjálfbæra nýtingu þeirra auðlinda sem félaginu er treyst fyrir og gerðir hafa verið samningar um.

Orkuveita Húsavíkur skal kolefnisjafna starfsemi sína, gæði grunnvatns skulu tryggð og staðfesta gæði viðtaka fráveitu.

Orkuveita Húsavíkur skal þar sem því verður við komið leitast við að tryggja langtíma forræði félagsins eða eiganda þess, sveitarfélagsins Norðurþings, á þeim náttúruauðlindum sem nauðsynlegar eru starfsemi félagsins.

Æskilegt er að sveitarfélagið Norðurþing eða Orkuveita Húsavíkur eigi auðlindir sem nýttar eru, sé þess kostur. Orkuveitu Húsavíkur er óheimilt að selja varanlegar auðlindir í sinni eigu til annarra en eiganda félagsins. Þá skal Orkuveita Húsavíkur ekki leigja auðlindir til utanaðkomandi aðila án samþykkis eiganda félagsins.

Mælikvarðar:

- *Nýting einstakra auðlinda skal ávallt vera innan þolmarka sjálfbærrar nýtingar*
- *Kolefnisfótspor / kolefnisbókhald – Stefnt skal að því að tekið verði upp grænt bókhald innan OH.*
- *Tryggja skal að mæling gæða grunnvatns fari fram með reglubundnum hætti.*
- *Tryggja skal að mælingar viðtaka fráveitu fari fram með reglubundnum hætti.*